


AFLIÐ

ÁRSSKÝRSLA 2014



Um Ársskýrslu Aflsins

Í þessari ársskýrslu segir frá tólfta starfsári Aflsins. Sagt verður frá sjálfshjálparstarfinu, fræðslustarfinu og þeirri hugmyndafræði sem er að baki starfsemi Aflsins. Einnig eru teknar saman tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fjármál samtakanna. Mikilvægt er að eiga tölulegar upplýsingar um skjólstæðinga og fleira slíkt til þess að greina þörfina fyrir starfsemi Aflsins í samfélaginu.

Stjórn Aflsins kjörin á aðalfundi 2014:

Anna María Hjálmarsdóttir, formaður

Eygló Sigurðardóttir, varaformaður

Sóley Björk Stefánsdóttir, gjaldkeri

Anna Guðný Egilsdóttir, ritari

Elfa Dögg Ólafsdóttir, meðstjórnandi

Ingibjörg Þórðardóttir, meðstjórnandi

Margrét Kristín Helgadóttir, meðstjórnandi

Aflið

Brekkugata 34, 600 Akureyri

Símar: 461-5959 og 857-5959

Netfang: aflidakureyri@gmail.com

Vefsíða: www.aflidak.is

Facebook: www.facebook.is/aflid

Ritstýra:

Elfa Dögg Ólafsdóttir

Ritstjórn:

Stjórn Aflsins

Tölfræðiúrvinnsla:

Elfa Dögg Ólafsdóttir og Sóley Björk Stefánsdóttir

Ársreikningur:

Sóley Björk Stefánsdóttir

Forsíða: Aflsmerkið

Prentun: Hermann Ingi Arason, prentsmiðjan.is

Efnisyfirlit

Um Ársskýrslu Aflsins	1
Efnisyfirlit	2
Stjórnarpistill.....	3
Þróun Aflsins	4
Starfsemi Aflsins.....	4
Samstarf	7
Viðburðir	7
Tölfræði.....	9
Fjármál	11
Útgjöld	12
Uppgjör ársins 2014	13
Viðauki umsagnir samstarfsaðila	14

Stjórnarpistill

Árið 2014 einkenndist af baráttu fyrir auknum framlögum ríkisins til starfsemi Aflsins. Stjórn hefur þurft að horfast í augu við þann veruleika að takmörkuð fjárframlög síðustu ára þrátt fyrir samfellda aukningu í starfseminni hafa grafið undan starfinu og nú er svo komið að ekki verður unað við óbreytt ástand til lengdar. Af þessum sökum hefur Aflið verið afar áberandi í samfélagsumræðunni, hvort sem er á vettvangi fjölmiðla eða annars staðar. Þrátt fyrir að hafa ekki enn haft erindi sem erfiði gagnvart ríkisvaldinu hefur umræðan haft þau jákvæðu áhrif að fjöldi félagasamtaka hefur hafið undirbúning til styðja við starfið auk þess sem fjöldi einstaklinga hefur haft samband og óskað eftir að leggja Aflinu lið á ýmsan hátt.

Það að finna fyrir svona stuðningi frá samfélaginu gefur okkur drifkraft til að halda starfinu og baráttunni fyrir þessari mikilvægu þjónustu áfram. Þess má geta að þjónustan er skjólstæðingum að kostnaðarlausu og fyrir hönd allra þeirra sem notið hafa þjónustunnar þakkar Aflið öllum þeim sem styrkt hafa samtökin með einum eða öðrum hætti.

Skjólstæðingum Aflsins fjölgaði þetta ár og komu 115 nýir skjólstæðingar til Aflsins, sem er fjölgun um rúmlega 3,5% á milli ára. Vegna fjárskorts var skorið niður í hópastarfi og færri hópar starfræktir en þörf hefði verið á.

Ein af alvarlegustu afleiðingum fjárskortsins snýr að faglegri þjálfun og endurmenntun ráðgjafa Aflsins. Starfið er þess eðlis að það tekur mikinn toll af þeim sem því sinna og þess vegna er fagleg handleiðsla, sí- og endurmenntun og önnur uppbygging faglega starfsins afskaplega mikilvægur hluti af starfsemi á borð við þá sem Aflið sinnir. Þessi hluti starfseminnar er þó kostnaðarsamur og hefur liðið mikið fyrir niðurskurð sem nauðsynlegur hefur verið þar sem fjöldi skjólstæðinga margfaldast á sama tíma og fjárframlög nægja ekki til rekstrarins. Fjárframlög hafa aðeins staðið undir brýnustu kjarnastarfsemi en ljóst er að illmögulegt verður að reka samtökin til framtíðar á þann hátt.

Með þökkum
Stjórn Aflsins

Þróun Aflsins

Aflið var stofnað á Akureyri þann 18. apríl 2002 í framhaldi af tilraunastarfsemi Stígamóta og Jafnréttisstofu. Í upphafi störfuðu sjö sjálfboðaliðar hjá Aflinu en tveir af núverandi ráðgjöfum, Anna María Hjálmarsdóttir og Sæunn Guðmundsdóttir, hafa starfað frá upphafi. Árið 2014 starfa fimmtán manns með samtökunum, í sjálfboðnu starfi við stjórn, utanumhald og daglegan rekstur eða sem launaðir ráðgjafar. Á þessu ári varð sú nýbreytni að Aflið fékk til liðs við sig karlmann sem ráðgjafa.

Í upphafi bauð Aflið skjólstæðingum sínum upp á einkaviðtöl og hópastarf auk þess sem síma vakt hefur verið starfrækt frá upphafi. Fljótlega bættust við fræðsla og forvarnir á Norðurlandi auk viðburðarvakta víða um land.

Þrátt fyrir takmörkuð fjárráð gerir Aflsfólk sitt besta til að kynna starfið. Dagskráin og N4 dagskráin hafa stutt starfið með birtingu auglýsinga með litlum eða engum tilkostnaði fyrir Aflið. Auk þess halda ráðgjafar úti virkri Facebook-síðu sem auk þess að þjóna sem kynning og áminning um Aflið er mikilvægur snertiflötur við nýja skjólstæðinga. Fyrir stórar ferðahelgar fer Aflsfólk um bæinn og hengir upplýsingaplakat um starfsemi Aflsins upp á fjölförnum stöðum.

Starfsemi Aflsins

Innan veggja Aflsins fer fram margvísleg starfsemi. Ávallt er boðið upp á einkaviðtöl og hópastarf fyrir brotaþola heimilis- og kynferðisofbeldis og aðstandendur þeirra. Þetta er einungis hluti af þeirri starfsemi sem fer fram innan Aflsins en hér að neðan verður fjallað nánar um alla þá starfsemi sem þar fer fram.

Hugmyndafræðin á bak við starf Aflsins

Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur er mikilvægur þáttur við úrvinnslu á afleiðingum ofbeldis í bland við faglegan stuðning. Þetta hefur verið kjarninn í hugmyndafræði Aflsins þau ár sem samtökin hafa starfað. Allir ráðgjafar Aflsins búa að þeirri reynslu að hafa unnið úr afleiðingum ofbeldis sem þau sjálf hafa orðið fyrir.

Mikilvægur þáttur í hugmyndafræðinni er að taka mark á reynslu þess einstaklings sem fyrir ofbeldi hefur orðið án þess að dæma eða skilgreina. Til Afslins getur fólk leitað með hvers konar ofbeldisreynslu; kynferðis-, heimilis-, andlegs ofbeldis eða eineltis. Ráðgjafar leggja áherslu á að úrvinnslan sé á þeim hraða sem hver einstaklingur treystir sér til.

Einkaviðtöl

Þegar einstaklingur leitar til Afslins í fyrsta sinn er honum/henni boðið upp á einkaviðtal. Þar fær viðkomandi stuðning við að koma ofbeldisreynslunni í orð og skoða þær afleiðingar sem ofbeldið hefur skilið eftir sig. Oft er erfitt fyrir brotapolu að koma í sitt fyrst viðtal og er það mjög eðlilegt þar sem um erfiðar endurminningar er að ræða. Ráðgjafar Afslins gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að gera viðtölin eins þægileg og hægt er. Stundum gerist það að brotapolu hefur þantað viðtal en hættir við að mæta. Í slíkum tilfellum er alltaf boðið upp á nýjan tíma því ráðgjafar Afslins vita hversu erfitt hið fyrsta skref getur verið en undantekningalítið fylgir því mikill léttir.

Það kemur fyrir að brotapolu treysti sér ekki til að tala um ofbeldið sem hann hefur orðið fyrir til að byrja með en þá leggur ráðgjafinn áherslu á að byggja upp traust milli brotapolans og ráðgjafans. Þetta getur til dæmis verið gert með því að ráðgjafinn spyrji spurninga eða segi sína eigin sögu.

Einkaviðtölin eru oft fyrstu skrefin sem brotapolu tekur til þess að ná tökum á afleiðingum ofbeldisins en þær afleiðingar eru gjarnan brotin sjálfsmynd, lítil sjálfsvirðing eða önnur vanlíðan. Einstaklingurinn ræður sjálfur ferðinni í viðtalinu með tilliti til þess hve mikinn stuðning hann vill og hve lengi. Þegar skjólstæðingnum finnst hann hafa fengið það sem hann þurfti úr einkaviðtölunum en finnst hann jafnframt þurfa áframhaldandi stuðning til að vinna úr ofbeldinu er honum boðið upp á að fara í sjálfshjálparhóp. Einnig er skjólstæðingum bent á fleiri úrræði, svo sem sálfræðinga eða félagsráðgjafa.

Hópastarf

Einstaklingar sem hafa reynslu af ofbeldi upplifa oft svipaðar tilfinningar þrátt fyrir ólíka reynslu og geta í hópastarfi deilt tilfinningum sín á milli og þannig fengið aukinn skilning á þeim.

Markmið hópstarfsins er að einstaklingarnir geti sótt styrk til að takast á við þau vandamál sem rekja má til ofbeldis. Hóparnir samanstanda af fjórum til sex skjólstaðingum og einum til tveim leiðbeinendum. Reynslan af sjálfshjálparhópum hefur verið mjög góð og fer mikil vinnsla fram hjá einstaklingum sem sækja í þá.

Hóparnir hittast yfirleitt 15 sinnum. Í hverjum tíma fyrir sig eru tekin fyrir eitt til tvö umræðuefni sem tengjast afleiðingum ofbeldis. Í tvö skipti af 15 fer tjáningin fram á annan hátt en með orðum.

Í upphafi hvers tíma er byrjað á því að segja frá því hvernig vikan hjá hverjum einstaklingi var og er það gert til þess að koma tjáningunni af stað. Stundum hefur mikil vinnsla verið í gangi hjá einstaklingnum frá því hann hitti hópinn sinn síðast og þarf að ræða um það. Oft eru einstaklingar að takast á við marga nýja hluti eftir að hópurinn hefst og þá er gott að geta sagt frá því og fengið viðeigandi stuðning. Aflið hefur ekki enn tekið inn karlmenn í hópavinnu en framtíðarmarkmiðið er að geta haldið slíkan hóp.

Símavakt

Símavaktin er í boði allan sólarhringinn þar sem hægt er að óska eftir aðstoð, sækja ráðgjöf eða panta tíma í viðtal. Stór hluti þeirra skjólstaðinga sem nýta símavaktina er búsettur utan Akureyrar og er að sjálfsögðu öllum veitt aðstoð sem eftir henni sækja. Einn af ráðgjöfum Aflsins hefur alfarið séð um símavaktina.

Forvarnir og fræðsla

Aflið leggur mikið upp úr því að halda úti fræðslu og forvörnum til að efla vitund almennings um hvert einstaklingur eða aðstandandi einstaklings sem lendir í ofbeldi geti leitað og hvernig hægt sé að fá aðstoð. Einnig er mikilvægt að fræða unga fólkið og efla vitund þess um ofbeldi. Aflið fer með fræðslu til 7.-10. bekkja í grunnskólum á Akureyri auk framhaldsskóla en einnig stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka sé þess óskað.

Viðburðarvakt

Í nokkur ár hefur Aflið verið með gangandi vakt á Akureyri yfir Bíladagahelgina og Verslunarmannahelgina. Auk þess var gönguvakt um Fiskidagshelgina á Dalvík og á Eistnaflugshátíðinni í Neskaupstað.

Með gangandi vakt er átt við að Aflið sé sýnilegt um bæinn þessar helgar. Vaktin fer oftast friðsamlega fram og Aflsfólki vel tekið en það svarar öllum spurningum sem varða starfsemina auk þess sem margir nota tækifærið og leita til Aflsins í fyrsta sinn. Oft hafa komið inn nýir skjólstæðingar eftir þessar helgar og af því má merkja að gangandi vakt er nauðsynleg og ber árangur.

Aflið kemur inn á þessa viðburði ýmist að ósk viðburðahaldara eða sveitarfélaga og er í góðu samstarfi við lögreglu og heilbrigðisstarfsfólk á öllum stöðunum.

Samstarf

Undanfarin ár hefur samstarf aukist mikið milli Aflsins og Lögreglunnar á Akureyri annars vegar og Sjúkrahúsins á Akureyri hins vegar. Samstarfið er gott á milli allra aðila og haldnir sameiginlegir fundir. Slíkir fundir fara aðallega fram fyrir viðburði á borð við Bíladaga og aðrar stórar helgar.

Aflið og bráðamóttakan á Sjúkrahúsinu á Akureyri hafa nú í áraraðir aukið samstarfið sín á milli. Ef óskað er eftir fara ráðgjafar Aflsins með skjólstæðingum upp á bráðamóttöku í skoðun. Fyrir kemur að starfsfólk bráðamóttökunnar þurfi að leita til Aflsins vegna skjólstæðinga og fer þá ráðgjafi til að sinna því. Einnig er starfsfólkið duglegt að vísa fólki til Aflsins ef við á.

Aflið hefur átt mjög gott samstarf við ýmsa einstaklinga í gegnum tíðina og var engin breyting þar á á þessu ári. Séra Hildur Eir Bolladóttir sinnir handleiðslu fyrir ráðgjafa hjá Aflinu. Einnig hefur Aflið átt góð samskipti við fagaðila og má þar nefna geðlækna, sálfræðinga, félagsráðgjafa og lögfræðinga. Þessir aðilar eru duglegir að vísa skjólstæðingum til Aflsins og öfugt.

Viðburðir

Árið 2014 tók Aflið þátt í og stóð fyrir margs konar viðburðum. Má þar nefna styrktartónleika Aflsins og 16 daga átakið gegn ofbeldi auk annarra verkefna.

Styrktartónleikar

Styrktartónleikar Aflsins eru orðnir árlegur viðburður og mikilvægur hluti í fjáröflun og kynningu á Aflinu. Tónleikar ársins 2014 voru haldnir á Græna hattinum á Akureyri þann 6. nóvember. Aflið vill þakka þeim sem gáfu vinnu sína en ekki síður þeim sem styrktu samtökin með því að mæta á þessa flottu tónleika.

Þeir listamenn sem studdu Aflið með því að koma fram á tónleikunum voru: Jokka G. Birnudóttir, Killer Queen, Rúnar Eff, gömlu Hvanndalsbræður, Blúsfélagarnir, Þórhildur Örvarsdóttir, Pálmi Óskarsson, Daníel Þorsteinsson og Fanney Kristjánsdóttir. Kynnir var sr. Hildur Eir Bolladóttir. Aflið þakkar öllum þessum frábæru listamönnum fyrir að hafa gert kvöld allra viðstaddra ógleymanlegt.

Kaffisala og súpupartý

Þann 2. október var Aflinu boðið að vera með kaffisölu í Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð á Bleikum fimmtudegi. Þar var mikið um að vera og kvöldopnun í verslunum. Aflið seldi kaffi og vöflur auk þess sem boðið var upp á spjall fyrir þá sem vildu fræðast um starfsemina. Vill Aflið þakka öllum þeim sem mættu kærlega fyrir og einnig þakkar Aflið forsvarsmönnum fyrir að hafa boðið okkur að vera með á þessari upptöku.

Sjötta árið í röð stóð Jokka G. Birnudóttir, ráðgjafi hjá Aflinu, fyrir súpupartýi sem mótorhólafolk víðs vegar af landinu gerir sér ferð til að vera viðstatt. Á svæðinu er baukur fyrir frjáls framlög og rennur ágóðinn beint til Aflsins.

Fundir og málþing

13.-14. febrúar tók fulltrúi Aflsins þátt í tengslamyndunarráðstefnu í Litháen þar sem saman voru komnir fulltrúar fjölda samtaka sem vinna að mannréttinda- og réttlætismálum. Lagðar voru línur í hugmyndum um ýmis verkefni sem Aflið gæti verið þátttakandi í en vegna fjár- og tímaskorts hefur engu formlegu verkefni verið hrundið af stað enn sem komið er.

Þann 27. mars kom Velferðarnefnd Alþingis í heimsókn til Aflsins. Í nefndinni sitja níu manns og það var því þröng á þingi í litla herberginu sem Aflið hefur til umráða. Farið var yfir stöðu

mála hjá Aflinu, ekki síst hvað varðar fjárframlög til reksturs, en augljóst var að nefndarfólki var nokkuð brugðið yfir stöðu og aðstæðum Aflsins.

Þann 15. október var okkur boðið á fund með Jafnréttisstofu og Formanni Zontaklúbbs Akureyrar til að taka á móti og spjalla við fulltrúa félagsmálastofnunar í Eistlandi. Fundurinn gekk vel og það var virkilega fræðandi að heyra hvað stofnunin gerir fyrir fólkið í landinu, en þar er meðal annars lagt mikið upp úr því að hafa næg kvennaathvörf fyrir allar þær konur og börn sem þurfa á þeirri aðstoð að halda.

3. desember sóttu tveir fulltrúar frá Aflinu námskeið sem Jafnréttisstofa stóð fyrir um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Námskeiðið var ætlað starfsfólki í félagsþjónustu, lögreglu, barnavernd og öðrum sem vinna með heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Er það mat fulltrúa Aflsins að mjög gagnlegt hafi verið að stefna öllum þessum aðilum saman til fræðslu um málefnið.

16 daga átakið


Alþjóðlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi hefst ár hvert þann 25. nóvember, á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi, og stendur til 10. desember, hins alþjóðlega mannréttindadags. Jafnréttisstofa heldur utan um átakið, en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Aflið hefur tekið virkan þátt í átakinu undanfarin ár með ýmsu móti og í ár var verkefni Aflsins að setja upp stól sem fylgdu upplýsingar um Aflið ásamt batasögum. Hugsunin er að fólk geti sest niður í rólegheitum og kynnt sér málefni ofbeldisþola. Fyrst var stóllinn settur upp í Háskólanum á Akureyri og síðan var hann settur upp á Greifanum. Að lokum var hann settur upp í Eymundsson á Akureyri.

Tölfræði

Einkaviðtöl

Árið 2014 voru fimm ráðgjafar frá Aflinu með einkaviðtöl, þar af fjórar konur og einn karlmaður. Fólk af báðum kynjum kemur í einkaviðtöl til Aflsins.

Árið 2014 fjölgaði einkaviðtölum um 21%, en þau voru 980 talsins. Alls komu 189 skjólstæðingar í einkaviðtöl árið 2014. Einkaviðtölum hefur fjölgað gríðarlega frá árinu 2009, um 300%.




Mynd 1. Fjöldi einkaviðtala sem Aflið veitti frá árinu 2009 til 2014.

Hópastarf

Árið 2014 var haldinn einn sjálfshjálparhópur, sem er fækkun frá 2013. Í þeim hópi var einn leiðbeinandi. Í heild sóttu fimm skjólstæðingar í þann hóp.


Árið 2013 voru haldnir þrír sjálfshjálparhópar, sem var fækkun frá 2012, en í raun hefur hópum fækkað á hverju ári frá 2011 vegna fjárskorts.



Mynd 2. Fjöldi skjólstæðinga sem sóttu hópastarf hjá Aflinu árin 2009 til 2014.

Nýir skjólstæðingar

Nýjum skjólstæðingum fjölgaði á árinu og voru þeir 115 en árið 2013 voru nýir skjólstæðingar 111. Árið 2012 voru nýir skjólstæðingar 108 talsins.



Mynd 3. Fjöldi skjólstæðinga, þolendum skipt eftir kyni en aðstandendur ókyngreindir.

Fjármál

Aflið hefur á undanförunum árum notið velvildar einstaklinga sem gefa mikið af sínum frítíma í vinnu fyrir samtökin. Á það bæði við um stjórn Aflsins, ráðgjafa og velunnara.

Styrkir

Eins og komið hefur verið inn á var 2014 strembið ár fyrir Aflið, þar sem ekki voru veittir nægir styrkir til að reka starfsemina á þeim grundvelli sem eðlilegt væri. Velferðarráðuneytið veitti Aflinu rekstrarstyrk upp á 2.000.000 kr. og samningur við Akureyrarbæ skiptir einnig sköpum í rekstrinum, en í gegnum þann samning er húsnæði tryggt auk fjármagns til forvarna og gönguvakta. Einstaklingar eru jafnan duglegir að styrkja Aflið og einnig bárust styrkir frá kvenfélögum og fleiri samtökum og fyrirtækjum. Í lok nóvember veitti Velferðarráðuneytið viðbótarstyrk upp á 2.000.000, sem gerði það að verkum að Aflið náði að borga upp laun ráðgjafa það ár og gat hafið starfsárið 2015 af krafti. Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á tekjum og gjöldum Aflsins árið 2014.

Tekjur ársins 2014

Velferðarráðuneytið	2.000.000 kr.	Landsbankinn	100.000 kr.
Velferðarráðuneytið viðb.	2.000.000 kr.	Útseld þjónusta	80.000 kr.
Akureyrarbær	1.230.000 kr.	Úlfynjur	79.000 kr.
Einstaklingar	226.000 kr.	Kvenfélagið Baldursbrá	50.000 kr.
Tónleikar	175.000 kr.	Gúmmívinnslan ehf.	50.000 kr.
Norðurorka	150.000 kr.	BLACK pepper ehf.	50.000 kr.
Zontaklúbbur Akureyrar	100.000 kr.		
Samtals:			6.290.000 kr.

Útgjöld

Eins og öll önnur ár eru útgjöld hjá Aflinu en félagið þarf að borga sínum ráðgjöfum laun fyrir viðtöl, hópastarf, sí mavakt, gönguvaktir og forvarnarfræðslu. Hér fyrir neðan má sjá sundurliðun á útgjöldum Aflsins árið 2014.

Útgjöld ársins 2014

Heildarlaun ráðgjafa	4.384.494 kr.
Húsaleiga	480.000 kr.
Auglýsingar	27.014 kr.
Sími, net og vefsíða	131.208 kr.
Öryggiskerfi	72.552 kr.
Ferðakostnaður	57.490 kr.
Námskeiðskostnaður	31.900 kr.
Ýmis rekstrarkostnaður	43.780 kr.
Auglýsingar	27.014 kr.
Samtals	5.228.438 kr.

Uppgjör ársins 2014

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð hefði Aflið verið rekið með tapi árið 2014 ef ekki hefði komið til myndarlegur viðbótarstyrkur frá Velferðarráðuneytinu í lok ársins. Vegna styrksins er staðan um áramót jákvæð um 1.987.888 kr. En til þess ber að líta að inn í rekstur ársins var búið að taka framlög upp á 959.000 kr. sem safnað hafði verið árið 2013 með happdrætti og hugsað var til stofnunar og reksturs neyðarathvarfs.

Ekki hefur tekist að standa straum af kostnaði vegna símenntunar og samstarfs við samtök og stofnanir og var því ekki mikið um slíkt að ræða en slíkt er mikilvægur hluti af starfsemi á borð við þessa. Afslfólk lætur það þó ekki á sig fá og starfar áfram af fullum krafti í einkaviðtölum, viðburðavakt og forvörnum enda skila samtökin af sér starfi sem flestir telja ómissandi fyrir samfélagið.

Hér fyrir neðan má sjá uppgjör Aflsins árið 2014.

Rekstrarkostnaður	-5.228.438 kr.
Tekjur	6.290.000 kr.
Tap flutt frá fyrra ári	-32.800 kr.
Tekjur vegna happdrættis 2013	959.000 kr.
Staða við árslok 2014	1.987.762 kr.

Viðauki umsagnir samstarfsaðila

Í tengslum við samskipti Aflsins við fjárlaganefnd þar sem óskað var eftir því að samtökin yrðu sett á fjárlög óskaði stjórn Aflsins eftir umsögnum frá helstu samstarfsaðilum á svæðinu og birtast þær hér.

Lögreglan á Akureyri:

F.h. lögreglunnar á Akureyri getur undirritaður staðfest að lögreglan hefur haft gott samstarf við Aflið á Akureyri undanfarni ár í tengslum við kynferðisbrotamál og heimilisofbeldi. Starfsmenn Aflsins hafa leitað til lögreglu með skjólstæðinga sína í tengslum við rannsóknir mála og einnig að sama skapi hefur lögreglan getað leitað til Aflsins við ýmsar úrlausnir og aðstoð við rannsóknir mála. Aflið eru samtök sem hafa sýnt sig í því að vinna ötult starf í þágu þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðis- og/eða heimilisofbeldi.

Yfirlæknir geðdeildar Sjúkrahússins á Akureyri:

„Geðdeild SAK hefur átt gott samstarf við Aflið og tel ég þann stuðning sem ráðgjafar Aflsins veita þolendum ofbeldis mikilvæga viðbót við þá meðferð sem fram fer innan hins opinbera heilbrigðiskerfis.“

Slysa- og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri:

Slysa-og bráðamóttaka Sjúkrahússins á Akureyri hefur rekið neyðarmóttöku vegna kynferðisofbeldis til margra ára. Góð samvinna hefur verið við Aflið frá stofnun þess. Samvinnan hefur falist í því að skjólstæðingar neyðarmóttökunnar og þolendur heimilisofbeldis hafa getað notfært sér þá þjónustu sem Aflið hefur upp á að bjóða í formi fræðslufunda og stuðningshópa og það hefur reynst mörgum dýrmætt veganesti til sjálfshjálpar. Starfskonur Aflsins hafa einnig verið í góðri samvinnu við slysa-og bráðmóttökuna í kringum fjölmennar hátíðir í bænum. Látið vita af sinni þjónustu, hvað í henni felst og boðist til að veita þolendum stuðning í gegnum það ferli sem fram fer á slysa-og bráðmóttökunni í kjölfar kynferðisofbeldis, óski þeir þess. Aflið er mikilvæg viðbót við þá þjónustu sem þolendum kynferðis og/eða heimilisofbeldis stendur til boða í bæjarfélaginu og þeir sjálfboðaliðar sem þar starfa þekkja málið af eigin raun og geta miðlað af þekkingu sinni til þeirra sem þurfa.

Sigrún Sigurðardóttir, lektor við heilbrigðisvísindadeild Háskólans á Akureyri:

„Rannsóknir hafa sýnt að jafningjastuðningur við úrvinnslu ofbeldisreynslu er afar mikilvægur í bland við faglegan stuðning. Einnig hefur verið rannsakað að það skipti máli að þolendur geti unnið úr reynslu sinni í heimabyggð óháð efnahag og flestir þolendur telja að mikil fyrirhöfn og fjárútlát fylgi því að leita aðstoðar sjálfshjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu en þjónusta í heimabyggð hafi jákvæð áhrif á líf þeirra.“

Símey:

Í Aflinu á Akureyri er unnið gríðarlega mikilvægt starf, það er sýnilegt í samfélaginu og veitir þjónustu sem ekki er hægt að fá annars staðar á svæðinu.

Hjá SÍMEY tekur fjöldi manns þátt á námskeiðum á hverju ári og margir einstaklingar nýta ráðgjöf náms- og starfsráðgjafa. Í slíkum samtölum kemur ýmislegt upp og það hefur reynst okkur dýrmætt að geta bent ráðþegum á þjónustu Aflsins.

Kvennaathvarfið í Reykjavík:

„Kvennaathvarfið hefur átt náíð, gott og farsælt samstarf við Aflin á Akureyri í gegnum tíðina. Samstarfið hefur að mestu snúist um að aðstoða konur/þolendur ofbeldis í nánnum samböndum. Í því starfi hafa starfskonur Kvennaathvarfsins fundið fyrir einlægum vilja Aflskvenna að hjálpa sínum skjólstæðingum á allan mögulegan máta, þær ganga þar jafnvel langt út fyrir verksvið sitt. Við höfum heyrt frásagnir þolenda sem konurnar í Aflinu hafa tekið undir sinn verndarvæng og í þeim kemur ósérhlífni þeirra í starfi berlega í ljós. Við óskum þess að starfsemi Aflins vaxi og dafni til að hægt sé að halda þeirra góða starfi áfram.“

